



Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokkins um kostnað við framkvæmdir við Miklubraut neðan við Rauðagerði - Tilvísun í mál R18110069.***

Á fundi borgarráðs hinn 8. nóvember 2018 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

- 1. Hvað kosta framkvæmdirnar sem nú standa yfir á Miklubraut neðan við Rauðagerði?*
- 2. Fór verkið í útboð og hver var kostnaðaráætlunin?  
Óskað er eftir gögnum sem staðfesta spurningu 2.*

Svör:

1. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda á Miklubraut neðan við Rauðagerði er áætlaður að verði um 115 mkr. Uppgjör við verktaka og milli Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Veitna hefur ekki farið fram og endanlegur kostnaður liggur því ekki fyrir.

Kostnaður Reykjavíkurborgar er vegna göngu- og hjólastígs og umhverfisfrágangs. Til viðbótar þessum kostnaði greiðir Reykjavíkurborg nú einnig að fullu kostnað við hljóðvarnir.

2. Í samstarfi við Vegagerðina og Veitur var verkframkvæmdin boðin út í opnu útboði. Á fundi innkauparáðs 7. apríl 2017 var svo samþykkt að ganga að tilboði lægstbjóðanda, Urðar og grjóts ehf, að upphæð kr. 156.220.050,-  
Tilboð lægstbjóðanda var 86,60 % af kostnaðaráætlun verktakakostnaðar sem lögð var fram við opnun tilboða. Verkhönnun var boðin út í sérstöku útboði og eftirlit með framkvæmd skv. verðfyrirspurn.

Verkefnið er samstarfsverkefni með Vegagerðinni og Veitum ohf. Í því felst gerð nýrrar strætóreinar á Miklubraut til austurs, lagning á nýjum göngu- og hjólastíg og hljóðvarnir við Miklubraut.

Vegagerðin greiðir fyrir gerð strætóreinar og 50% kostnað við nýjan göngu- og hjólastíg. Reykjavíkurborg greiðir 50% kostnað við göngu- og hjólastíg, umhverfisfrágang og nú einnig hljóðvarnir að fullu. Ágreiningur er við Vegagerðina um skiptingu kostnaðar við hljóðvarnir. Reiknað hefur verið með að sá kostnaður muni skiptast til helminga.

Veitur greiða kostnað vegna veitukerfa.

Skv. kostnaðaráætlun sem lögð var fram í borgarráði 9. mars 2017 var gert ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar við framkvæmdina væri 100 mkr.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:  
Niðurstöður útboða.

Árið 2017, miðvikudaginn 26. apríl kl. 14:00 var haldinn opnunarfundur vegna verðfyrirspurnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 13977 "Miklabraut við Rauðagerði. Strætórein, stígar og hljóðvarnir - Eftirlit". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.  
Fundi stjórnaði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1	Hnit verkfræðistofa hf.	kr.	5.217.504	72,47%
2	Verkís hf.	kr.	6.841.571	95,02%
3	Mannvit hf.	kr.	9.245.700	128,41%
	Kostnaðaráætlun	kr.	7.200.000	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki

Fundi slitið kl. 14:02

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að ganga að tilboði lágstbjóðanda, Hnit verkfræðistofu hf. að upphæð kr. 5.217.504.**



Reykjavíkurborg  
innkaupadeild

Útboð nr. 13920 - Miklabraut við Rauðagerði. Strætórein, stígar og hljóðvarnir  
fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Tilboðin voru opnuð í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, þriðjudaginn 4. apríl 2017 kl. 14:00

<b>Bjóðendur:</b>	<b>Tilboðsverð við opnun</b>	<b>Hlutf. af kostn.áætl</b>	<b>Tilboðsverð eftir yfirferð</b>	<b>Hlutf. af kostn.áætl</b>
1 Grafa og Grjót ehf	195.718.500	108,49%	195.718.500	108,49%
2 Lóðabjónustan ehf	219.991.500	121,95%	219.991.500	121,95%
3 Urð og Grjót ehf	156.220.050	86,60%	156.220.050	86,60%
Kostnaðaráætlun	180.400.000	100,00%	180.400.000	100,00%

Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2016 að taka tilboði Urðar og grjóts ehf.

2017

Árið 2016, fimmtudaginn 21. janúar kl. 13:00 var haldinn opnunarfundur vegna lokaðs útboðs Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 13640 "Miklabraut við Rauðagerði. Strætórein, stígar og hljóðvarnir - Hönnun". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.

Fundi stjórnaði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Viðstaddir bjóðendur spurðir hvort þeir hafi mótttekið viðauka 1. Enginn andmælti.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1	Efla hf.	kr.	7.765.640
2	Mannvit	kr.	11.124.160
3	Hnit verkfræðistofa hf.	kr.	8.918.768
4	Verkís hf.	kr.	12.418.450

Guðni Eiríksson frá Verkís hf. óskar bókað að komi til að ráðgjafi sem sá um forhönnun á verkinu sé hluti af hönnunarteymi eins eða fleiri tilboða þá teljum við það ekki samræmast hvorki reglum né venjum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Tel að því tilboði / þeim tilboðum beri að vísa frá .

Fleiri tilboð bárust ekki.

Fundi slitið kl. 13:06

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að ganga að tilboði lægstbjóðanda, Eflu hf. að upphæð kr. 7.765.640.